



Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Tillaga að: STARFSLEYFI

Detail Shop ehf.

Kt. 4509171410

Nesdekk Akureyri

Dalsbraut 1L-M

600 Akureyri

-Dekkjaverkstæði og smurstöð -

Leyfið er veitt í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit m.s.br. Leyfishafi skal auk þess hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda á hverjum tíma og meðfylgjandi starfsleyfiskilyrðum.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess

Ef breytingar verða á starfseminni skal tilkynna það Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tæknipróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfis- og eftirlits gjöld verða innheimt samkvæmt gildandi gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra hverju sinni þar til tilkynnt hefur verið um stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

Gildir til: **x. júní 2036**

x. júní 2024

NN
heilbrigðisfulltrúi

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR

hjólbarðaverkstæði

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr.

550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari
breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi
starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

	Regl.nr.	Uppfyllt
1.1 Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur hjólbarðaverkstæða.	550/2018 5. gr.	
1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykkta notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3 Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði	550/2018 5. gr.	
1.4 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr	

2. ÁSÝND LÓÐAR OG LÓÐAMÖRK

	Regl.nr.	Uppfyllt
2.1 Rekstraraðili skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.	112/2012 og rgl. nr. 550/2018	
2.2 Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. felgur og ónýta hjólbarða á lóðum þannig að snúi að almannafæri eða valdi slysa hættu.	737/2003 16. gr	
2.3 Gánum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum	737/2003 17. gr	

3. MENGUNARVARNIR

	Regl.nr.	Uppfyllt
3.1 Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr	

4. ÚRGANGUR

	Regl.nr.	Uppfyllt
4.1 Geymslu á hjólbörðum fram að förgun skal haldið í lágmarki. Geyma skal hjólbarða í gánum eða öðrum lokuðum hirslum þar sem ekki stafar eldhætta af.	737/2003	
4.2 Ónýtum hjólbörðum ber að skila til viðurkenndra móttökuaðila.	737/2003	
4.3 Úrgangsblyí skal skila til viðurkenndra móttökuaðila. Blý er spilliefni og hættulegt í umhverfi og skal leitast við að nota önnur efni til jafnvægisstillinga.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	
4.4 Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefninum eins og þau eru á hverjum tíma	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	
4.5 Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.	806/1999 og rgl. nr. 737	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftifarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum: Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, byggingarreglugerð nr. 112/2012, auglysing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR smurstöðvar

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr.
reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og
mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig
auglysingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem
ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur smurstöðva.	550/2018 5. gr.	
1.2	Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykkta notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3	Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.4	Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.	

2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Rekstraraðili skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.	550/2018 og rgl. nr. 112/2012	
2.2	Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. úrgangsolíutunnur og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannafæri eða valdi slysa hættu. Ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.	737/2003	

3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	
3.2	Hafa skal olíugildru á fráveitulögum frá niðurföllum þar sem vinna með olíur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samráði við heilbrigðisnefnd og byggingafulltrúa.	798/1999 5. gr.	
3.3	Halda skal notkun olíuhreinsiefna í lágmargi. Til hreinsunar á gólfum skal nota umhverfisvæn sápuefni og/eða olíuhreinsa sem hæfa olíugildrum.	550/2018 og rgl. nr. 798/1999	

3.4	Hafa skal reglubundið eftirlit með olíugildru og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.	798/1999 5. gr.	
3.5	Þar sem hætta er á að fljótandi úrgangur, olíur eða olíuefn, fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, ísogsefni, tvist eða sag.	798/1999 5. gr.	
3.6	Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olíugildru.	798/1999 5. gr.	

4. GEYMSLA Á OLÍU OG OLÍUEFNUM

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Olítankar þurfa samþykki byggingarfulltrúa og heilbrigðisnefndar og skulu uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, með síðari breytingum.	884/2017	
4.2	Staðsetja skal tanka og tunnur undir olíuefni þ.m.t. úrgangsoliú í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíuefni eru geymd utandyra, í viðurkenndum tönkum og tunnum, skulu þau vera á öruggum stað með ákeyrsluvörn skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir.	884/2017	
4.3	Öryggisblöð fyrir merkingaskyld efni skulu vera á staðnum.	888/2015 5. gr. og lög nr. 61/2013	

5. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Olíusíur og úrgangsolia teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku með starfsleyfi. Þurrum, pressuðum olíusíum má skila með málmúrgangi.	1040/2016 3. gr. og rgl. nr. 806/1999 5. gr.	
5.2	Ganga skal frá olíusmituðum úrgangi þar til að hann er fluttur til förgunar á þann hátt að ekki sé hætta á mengun.	884/2017 og rgl. nr. 1040/2016	
5.3	Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.	1040/2016 og rgl. nr. 806/1999	
5.4	Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.	737/2003 og rgl. nr. 806/1999	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftifarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:
 Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og auglysing nr. 582/2000 um lista yfir mengindi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.